

að ítrekaðri eða verulegri vanrækslu í starfi þannig að öryggisþjónustan teljist ekki fullnægjandi eða ef ekki hefur verið gætt þeirra skilyrða sem leyfi er bundið við.

Ráðuneytið hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa og ber honum að veita því allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína og önnur atriði sem þýðingu hafa. Til að sinna eftirliti hafa starfsmenn ráðuneytisins án dómsúrskurðar aðgang að starfsstöð leyfishafa.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Forsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990 (starfsþjálfun guðfræðikandídata).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 3. tölul. 16. gr. laganna orðast svo: Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en tvo mánuði undir eftirliti prófasts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Forsteinn Pálsson.